

Nefndarálit

um till. til þál. um fullgildingu samnings um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hjálmar W. Hannesson, skrifstofustjóra í utanríkisráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á samningi um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn sem samþykktur var í New York 10. september 1996.

Samningurinn gerir ráð fyrir alþjóðlegu eftirlitskerfi 321 stöðvar í 89 löndum víðs vegar um heiminn. Kerfið er tvískipt, aðalakerfi og varakerfi, og verða tvær framangreindra stöðva á Íslandi til mælinga á geislavirkni og jarðhræringum. Stöð til mælinga á geislavirkni sem tilheyrir aðalakerfinu verður á Rjúpnahæð en stöð til jarðskjálftamælinga, sem Veðurstofa Íslands mun hafa umsjón með, í nágrenni við Borgarnes og er henni ætlað að þjóna varakerfinu.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt**.

Alþingi, 3. maí 2000.

Tómas Ingi Olrich,
form., frsm.

Jón Kristjánsson.

Árni R. Arnason.

Lára Margrét Ragnarsdóttir.

Jónína Bjartmarz.

Steingrímur J. Sigfússon.

Sighvatur Björgvinsson.

Jóhann Ársællsson.